

Miðvikudaginn 1. nóvember

Nr. 199/1971. **Halldór Baldvinsson**

gegn

H/f Júpíter.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, Halldór Baldvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 6. nóvember 1972.

Nr. 78/1972. **Ákærvaldið**

(saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)

gegn

Jóni Sævari Gunnarssyni

Heiðari Páli Halldórssyni

Jóni Benedikt Einarssyni

Jóni Óla Mikaelssyni og

Erni Karlssyni

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn lögum nr. 77/1970.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal bréf Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 27. október 1972, undirritað af Jóhannesi F. Skaftasyni lektor, svohljóðandi:

„Rannsóknastofunni barst í dag bréf yðar, dagsett í dag,

þar sem óskað er eftir nánari skýringum á orðalagi í matsgerð nr. 22 — Ávana — og fýknilyf og efni, dags. 10. 2. 1971.

Í matsgerð prófessors Þorkels Jóhannessonar segir: „Má þannig teljast mjög líklegt, að í sýninu hafi verið lýsergið og að magn þess hafi verið ca. 100—150 míkróg.“

Við athugun rannsóknargagna umrædds máls hér á rannsóknastofunni verður ekki séð, að neitt vafaatriði hafi komið fram við rannsóknina. Þannig voru þrjú rannsóknaratriði jákvæð, flúorisering í útfjólubláu ljósi, rásgildi á þynnu og litun með dimetýlamínóbenzaldehýðlausn. Fleiri rannsóknir hefðu getað aukið á vissuna, og mun það vera ástæðan fyrir orðalagi prófessors Þorkels, en stærð sýnis hefur ekki leyft frekari athuganir.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um lýsergið hafi verið að ræða.“

Brot ákærða Jóns Sævars eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi. Aðrir ákærðu veittu viðtöku efnum þeim, er í héraðsdómi getur, og hafa með því brotið gegn refsíákvæðum þeim, er þar greinir.

Refsing ákærða Jóns Sævars Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði, en eftir atvikum þykir rétt, að fresta megí fullnustu varðhaldsrefsingar og hún falli niður að tveim árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Þá greiði ákærði Jón Sævar kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingar ákærðu Heiðars Páls Halldórssonar, Jóns Benedikts Einarssonar, Jóns Óla Mikaelssonar og Arnar Karlssonar, þó þannig, að vararefsing ákærðu Heiðars Páls og Jóns Benedikts hvors um sig ákveðst varðhald 3 daga, ákærða Jóns Óla 7 daga og ákærða Arnar Karlssonar 5 daga.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 ber að gera upptækt

til ríkissjóðs andvirði efnis þess, sem ákærði Jón Sævar seldi, kr. 4.000.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku efna þeirra, er fundust í fórum ákærða Jóns Sævars Gunnarssonar.

Þá ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Saksóknarlaun til ríkissjóðs ákveðast kr. 20.000.00 og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti kr. 20.000.00.

Dæma ber ákærða Jón Sævar Gunnarsson einan til að greiða helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar. Hinn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar greiða allir ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið. Ákærði greiði kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu Heiðar Páll Halldórsson og Jón Benedikt Einarsson greiði hvor um sig kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað hvorrar sektar, verði þær eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli Mikaelsson greiði kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreint söluandvirði, kr. 4.000.00, skal vera upptækt til ríkissjóðs.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku þar greindra efna og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson greiði einn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin hálf saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hrafnkels Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Hinn helming áfrýjunarkostnaðar sakarinnar greiði allir ákærðu óskipt, þar með talin hálf saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og hálf laun skipaðs verjanda, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1972.

Árið 1972, miðvikudaginn 2. febrúar, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem háður var í skrifstofu embættisins, Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29—33/1972: Ákærvaldið gegn Jóni Sævari Gunnarssyni, Heiðari Páli Halldórssyni, Jóni Benedikt Einarssyni, Jóni Óla Mikaelssyni og Erni Karlssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember s.l., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Sævari Gunnarssyni verkamanni, Víðihvammi 1, Hafnarfirði, Heiðari Páli Halldórssyni verkamanni, Fögrukinn 19, Hafnarfirði, Jóni Benedikt Einarssyni verkamanni, Köldukinn 21, Hafnarfirði, Jóni Óla Mikaelssyni nemanda, Grýtubakka 10, Reykjavík, og Erni Karlssyni nemanda, Granaskjóli 5, Reykjavík, öllum fyrir brot á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 77/1970, sbr. reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969.

Gegn ákærða Jóni Sævari er málið höfðað fyrir að hafa haft meðferðis og smyglað til landsins, þegar ákærði kom til Reykjavíkur 6. desember 1970 sem farþegi með m/s Gullfossi, kannabis að rúmmáli á stærð við hálfan eldspýtnastokk, en helmingi þynnri, 9 töflur (18 skammta) af lýsergið (LSD) og hylki, sem í var sama efni, lýsergið (LSD) um 100 míkrógrömm. Kannabisköggulinn hafði ákærði við komu skipsins til hafnar límt inn í buxnaskálm, en lýsergið (LSD) hafði ákærði falið í faldi á skinnjakka, í innbroti á buxnaskálm og í fóðri á skinnhanzka, allt í fatnaði, sem ákærði hafði meðferðis í farangurstösku. Þá

er málið höfðað gegn ákærða Jóni Sævari fyrir að selja öðrum meðákærðu lýsergíð (LSD), svo sem nánar verður rakið, og gefa þeim öllum kannabis að reykja. Að selja meðákærðu Jóni Benedikt Einarssyni, Jóni Óla Mikaelssyni og Erni Karlsyni hverjum um sig 2—2½ töflu, eða 4—5 skammta, af lýsergíð (LSD) fyrir kr. 2.000.00—2.500.00, en hvern skammt seldi ákærði Jón Sævar á kr. 500.00. Að selja meðákærða Heiðari Páli Halldórssyni ½ töflu, eða einn skammt, á kr. 500.00. Ákærðu neyttu jafnan taflnanna, um leið og viðskiptin höfðu farið fram, og voru þá ýmist tveir eða þrír saman þannig:

Ákærði Jón Sævar og meðákærðu Jón Óli og Örn á Austurbar við Snorrabraut í Reykjavík sunnudaginn 20. desember 1970 og sunnudaginn 27. desember 1970 og ákærði Jón Sævar og meðákærði Örn á sama stað sunnudaginn 3. janúar 1971. Ákærði Jón Sævar og meðákærðu Heiðar Páll og Jón Benedikt sunnudaginn 10. janúar 1971 heima hjá ákærða Jóni Sævari. Öllum meðákærðu gaf ákærði Jón Sævar kannabis að reykja, ýmist við sömu tækifæri eða í annan tíma eftir komu til landsins.

Brot ákærða Jóns Sævars teljast varða við 1. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. nefndra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni nr. 257/1969.

Gegn öllum fjórum meðákærðu, Heiðari Páli, Jóni Benedikt, Jóni Óla og Erni, er málið höfðað fyrir að kaupa og veita viðtöku lýsergíð (LSD)-töflum, sem þeir síðan neyttu, svo sem að framan er rakið, og að veita viðtöku kannabis, sem þeir allir reyktu hjá ákærða Jóni Sævari.

Brot meðákærðu teljast varða við 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. nefndra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. framangreindrar reglugerðar um ávana- og fíkniefni.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar. Enn fremur að ákærði Jón Sævar sæti upptöku á því magni framangreindra efna, sem tekið var úr vörzlum hans og rannsakað var, svo og á söluverði framan- greindra lýsergíð (LSD)-taflna, allt að kr. 8.000.00, samkvæmt 5. gr. i. f. laga nr. 77/1970, og 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Allir eru hinir ákærðu sakhæfir.

Ákærði Jón Sævar, fæddur 12. apríl 1953 í Reykjavík, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1970 8/4 Hafnarfirði: Sátt 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Aðrir ákærðu, Heiðar Páll, fæddur 16. apríl 1953 í Vestmannaeyjum, Jón Benedikt, fæddur 4. marz 1953 í Reykjavík, Jón Óli, fæddur 3. júní 1952 í Washington D.C., U.S.A., og Örn Karlsson, fæddur 23. júlí 1952 í Stykkishólmi, hafa hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Fyrir ákærða Jón Sævar hefur verið haldið uppi vörnum í máli þessu af hæstaréttarlögmanni Hrafnkeli Ásgeirssyni og þess krafizt, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara eru gerðar þær kröfur, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og sú refsing verði ákveðin skilorðsbundin. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkissjóðs.

Samkvæmt framburðum ákærðu, skýrslum lögreglunnar og öðrum gögnum eru málavextir þessir:

Sumarið 1970 dvaldist ákærði Jón Sævar í Malmö í Svíþjóð, þar sem hann vann í tígulsteinsverksmiðju. Hann kvaðst ekki í upphafi dvalar sinnar þar hafa neytt fíknilyfja og fyrir utanförina aldrei hafa neytt þeirra. Honum var í upphafi dvalarinnar oft boðið fíknilyfið „hash“ til kaups, en hann kvaðst þá ekki hafa viljað byrja á því að neyta þess. Virðist hann í fyrstu hafa verið á báðum áttum um það, hvort hann ætti að reyna hvernig það væri að vera undir áhrifum „hash“.

Í bréfi, sem kunningi ákærða Jóns Sævars, Ingvar Svavarsson, Öldutúni 1, Hafnarfirði, skrifar honum, kemur fram, að ákærði Jón hefur leitað ráða hjá þessum kunningja sínum um það, hvort hann ætti að reyna „hash“. Þannig segir m.a. í bréfinu: „.... Ég get ekkert ráðlagt þér með harchið eða lsd. Því verður þú að ráða sjálfur, en þó komdu með smávegis til að lofa mér að prófa, ég borga þér það.“....

Þá skrifar vinstúlka hans honum, og segir svo í bréfum hennar m. a.:

....„Ertu búinn að prófa hash? Komdu með handa mér ef þú getur og ef ég þori að prófa það. Ef þú prófar hash, ekki gera það þá oftari en einu sinni, því eins og þú veizt verður hættan alltaf meiri með hverju skipti á því að þú verður dopisti og ef þú verður dopisti og ef þú verður dopisti ertu búinn að vera“....

....„Þú ætlar að prófa hash eða ertu kannske búinn að því?“

....„Viltu lofa að prófa eiturlyf bara einu sinni? Gerðu það, það er bezt fyrir sjálfan þig you know?“...

Eftir að hafa dvalizt í tvo mánuði í Svíþjóð kvaðst ákærði Jón Sævar svo hafa látið tilleiðast að neyta lyfsins. Hitti hann 16 ára ungling, sem gaf honum skammt af lyfi þessu, og neyttu þeir þess saman, þ. e. reyktu það saman. Eftir þetta kveðst hann hafa reykt „hash“ 5—6 sinnum, áður en hann fór aftur heim til Íslands. Keypti hann einn og einn skammt af því, og kostaði skammturinn frá 5—10 krónur sænskar.

Í byrjun desember 1970 hélt hann svo heim til Íslands. Hafði hann áður fengið tilskrif frá kunningjum sínum, sem báðu hann að kaupa fyrir sig „hash“ og hafa það með sér heim. Buðu þeir að senda honum peninga, en hann svaraði og sagði það geta beðið, þar til hann kæmi heim.

Nokkru áður en hann hélt heim, keypti hann „hash“ fyrir 30 krónur danskar og 13 pillur af LSD. 6 þeirra keypti hann í Malmö fyrir 25—35 kr. sænskar hverja töflu, en 7 keypti hann í Kaupmannahöfn fyrir 20 kr. danskar töfluna. Þá kvaðst hann hafa keypt hylki af meskalíni með tveimur skömmtum. Neytti hann annars skammtsins, meðan hann var úti, og sömu-leiðis 3ja LSD taflna af þeim 13, sem hann keypti.

Hann kom svo til Reykjavíkur með m/s Gullfossi 6. desember 1970. Hafði hann þá áður nefnd fíknilyf með sér. Límdi hann „hash“-köggulinn, sem var á stærð við eldspýtnastokk, en helmingi þynnri, inn í buxnaskálm sína. LSD töflurnar og meskalínhylkið lét hann ýmist í fald á skinnjakka, innbrot í buxnaskálm eða fóður í skinnhanzka, en buxurnar, jakkann og hanzkana var hann með í farangurstösku, sem ekkert var leitað í við tollskoðun né var leitað á honum sjálfum. Nokkru eftir heimkomuna hafði hann samband við kunningja sína og þeir við hann, og fengu þeir vitneskju um, að hann hefði „hash“ og LSD undir höndum. Hann kvaðst ekki hafa keypt lyf þessi í því skyni að selja þau. Hins vegar hafi kunningjar hans, einkum meðákærðu Örn og Jón Óli, leitað á hann með að fá lyfin. Hann hafi ekki boðið þeim þau að fyrra bragði til kaups, en þó hafi svo farið, að hann hafi látið öllum meðákærðu þau í té, selt þeim LSD töflur, en gefið „hash“. Atvikaðist það svo, að rétt eftir að hann kom að utan, hitti hann á heimili Ingvars Svavarssonar, Öldutúni 1, Hafnarfirði, meðákærða Heiðar Pál, sem fékk þar vitneskju um, að hann hefði „hash“ og LSD undir höndum, og lofaði meðákærða Heiðari, að hann skyldi leyfa

honum og Ingvari að reyna það við síðara tækifæri. Þá hafði og samband við hann meðákærði Jón Óli til að forvitnast um, hvort hann hefði ekki haft með sér einhver eiturlyf að utan, eins og áformað var í bréfum þeirra á milli. Mæltu þeir sér mót á Austurbar í Reykjavík og hittust þar sunnudaginn 20. desember 1970. Þangað kom og meðákærði Örn Karlsson. Seldi ákærði Jón Sævar þeim hvorum um sig einn skammt ($\frac{1}{2}$ töflu) af LSD (lýsergíð), sem þeir neyttu þarna á staðnum. Viku síðar, sunnudaginn 27. desember s. á., hittust þeir heima hjá meðákærða Jóni Óla, og seldi þá ákærði Jón Sævar þeim sinn hvorn skammtinn af LSD, sem þeir neyttu þar á staðnum. en fóru allir saman á „poppleikinn“ Óla, er áhrifa fór að gæta eftir lyfjaneyzluna.

Sunnudaginn 3. janúar 1971 hittust inn á Austurbar í Reykjavík ákærðu Jón Sævar, Jón Óli og Örn. Þá var og með þeim bróðir Jóns Óla, Sævar að nafni. Seldi nú ákærði Jón Sævar meðákærða Jóni Óla eina töflu, eða 2 skammta, af LSD, og neyttu þeir þarna á staðnum sín hvorrar töflunnar, en hvorki Sævar né Örn tóku þá efni þessi inn, en Sævar kváðu þeir hafa haft með sér til öryggis. Er áhrifanna tók að gæta, fóru þeir í Stjörnuþíó, en eftir að kvikmyndasýningu var lokið þar, héldu þeir hver og einn heim til sín. Nokkru síðar, eða 10. janúar s.l., komu til ákærða Jóns Sævars meðákærðu Heiðar Páll og Jón Benedikt. Voru þeir allir í herbergi Jóns Sævars, reyktu vindla og töluðu saman. Áleit Jón Sævar þarna komið tækifærið, sem hann hafði áður talað um. Er foreldrar hans höfðu farið út og þeir voru einir heima, spurði Jón Sævar þá, hvort þeir ættu ekki að prófa það núna, sem var samþykkt. Tók hann út úr skáp tvær pillur, fór með þær fram í eldhús og skipti þeim þar með því að þrýsta undirskál á kúbuna á þeim, og hrukku þær þá í tvennt. Tóku þeir svo hver hálfa pillu, einn skammt, og neyttu þarna á staðnum og greiddu Heiðar og Jón Benedikt ákærða Jóni Sævari kr. 500.00 fyrir hvorn skammt.

Ákærði Jón Sævar gaf öllum meðákærðu „hash“ að reykja. Þannig kvaðst Jón Óli hafa reykt þrívégis „hash“, sem Jón Sævar gaf honum og þeir reyktu saman úr til þess gerðri pípu, en hann kvaðst ekki hafa fundið til áhrifa af þeim reykingum. Í eitt skiptið voru þeir við þessar reykingar á heimili Jóns Óla, og var þá þar og staddur meðákærði Örn, sem einnig reykti þá „hash“, sem ákærði Jón Sævar lagði til, og kvaðst

hann hafa fundið til áhrifa eftir reykinguna. Þá bauð ákærði Jón Sævar meðákærðu Jóni Benedikt og Heiðari Páli að reykja með sér „hash“, er þeir komu heim til hans 10. janúar s.l., og reyktu þeir mjög lítið af því, tóku eitt eða tvö reyksog og kváðust ekki hafa fundið til áhrifa af því. Nokkru síðar, eða 28. janúar s.l., fengu foreldrar ákærða Jóns Sævars vissa vísbendingu um, að hann væri með fíknilyf undir höndum, sem hann væri að dreifa meðal unglinga. Gerðu þau leit í herbergi hans og fundu þar tvær alleinkennilegar og mjög litlar pillur, eitt hylki, sem var í spúnakassa í jakka hans, þá fannst og köggull, sem hann kvað síðar innihalda „hash“, og þarna voru og reykjapípur, sérstaklega gerðar til að nota við reykingar á efni þessu.

Framangreind efni og pípur voru afhent lögreglunni, og kvað ákærði Jón Sævar pillurnar innihalda LSD, hylkið meskalín og köggulinn „hash“ og vera hluta þess magns fíknilyfja, sem hann hafði með sér til landsins og áður er greint frá.

Efni þessi voru send Rannsóknastofu í Lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar, og segir svo í matsgerð Þorkels Jóhannessonar. Sýni 21 er áður nefndur köggull, sýni 22 pillurnar og sýni nr. 23 hylkið.

„Sýni 21: Sýnið var ljósgrænn köggull úr samanþjöppuðum muldum plöntuhlutum ca. 0.4 cm. á þykkt og ca. 1 cm. í þvermál. Lyktin var dauf og gaf engan veginn til kynna, að um kannabis væri að ræða. Niðurstöður efnafræðilegrar athugunar bentu hins vegar eindregið til þess, að um kannabis væri að ræða, enda þótt magnið gæti ekki verið mikið, og smásjárskoðun staðfesti, að svo væri.

Sýni 22: Sýnið var 2 ljósrauð töflubrot (ca. 30 mg.) með dökkum dröfnum. Blettagreining á þynnu með extrakti úr sýninu, leyst í metanóli og þekktu magni af lýsergíði og ergótamíni, sýndi eftir úðun með dimetýlamínóbenzaldehyðlausn, að rásgildi sýnisins og lýsergíðs var hið sama (0.32). Rásgildi ergótamíns var hins vegar 0.28. Má þannig teljast mjög líklegt, að í sýninu hafi verið lýsergíð og að magn þess hafi verið ca. 100—150 míkróg.“

Sýni 23: Sýnið var ljósgrænt duft og átti samkvæmt upplýsingum, er með fylgdu, að innihalda meskalín. Blettagreining á þynnu leiddi hins vegar í ljós, að um lýsergíð væri að ræða, væntanlega ca. 100 míkróg.“

Ákærðu hafa lýst lítillaga áhrifunum, sem neyzla lyfjanna, þó einkum LSD, olli.

Þannig kveðst ákærði Heiðar Páll um hálf tíma eftir inn-töku LSD skammts hafa farið að finna til áhrifa, honum hafi sýnt söfði í herbergi Jóns Sævars og sem hann sat í síga niður að gólfi. Þá hafi honum sýnt allt vera skýrara, en jafnframt orðið hræddur, sérstakega við lögreglu og einhverja embættismenn. Eftir að síðar hafi verið út komið, hafi honum fundizt allir bílar vera á ofsalegri ferð og hann ekki þorað yfir götuna, ef bíll var sjáanlegur.

Ákærði Jón Benedikt kvaðst hafa neytt LSD skammts um kl. 1400 og áhrifin komið smátt og smátt eftir það. Fjarlægðarskynið hafi ruglað og hann orðið alleinkennilegur í hugsun. Um kl. 2400 hafi áhrifin verið að dvína, hann hafi verið syfjaður, en þó ekki getað sofnað.

Ákærði Jón Sævar kvaðst hafa neytt úti í Kaupmannahöfn, skömmu áður en hann kom heim, eins skammts af meskalíni í hylki (reyndist vera LSD) og fundið af því töluverð áhrif, þannig að hann hafi verið ófær um að verzla tveim dögum áður en hann hélt heim. Hann kvaðst svo, eftir að hann kom heim, hafa tekið inn einn skammt af LSD, en orðið hræddur, af því að hann var einn.

Óskað var álitsgerðar dr. Vilhjálms Skúlasonar lyfjafræðings, hver áhrif neyzla þessara lyfja hafi á neytandann og hverjar geti orðið afleiðingar neyzlunnar fyrir heilsu hlutaðeigandi.

27. október barst dóminum álitsgerð dr. Vilhjálms G. Skúlasonar, og var hún lögð fram í dóminum 18. nóvember s.l. Mót-mælti þá verjandi Jóns Sævars, hæstaréttarlögmaður Hrafnkell Ásgeirsson, álitsgerðinni sem þessu máli óviðkomandi. Ekki verður á það fallið.

Í álitsgerðinni kemur m. a. þetta fram:

„...L.S.D. er hvítt kristallinskt efni, sem hefur svo mikla líffræðilega verkun, að skammt þess verður að mæla í milljónustu hlutum grammis. Áhrif L.S.D. byggjast á mörgum þáttum, m. a. stærð skammtsins, persónuleika, vonum þeim, sem neytandinn gerir sér um ferðina og fyrri reynslu hans af lyfinu. Jafnvel reyndir neytendur geta aldrei verið vissir um þá stefnu, sem ákveðin ferð kann að taka. Hún ákvarðast af áhrifum í umhverfi neytandans og því, sem annað fólk segir og gerir. Ekkert lyf getur því haft eins ófyrirsjáanlegar afleiðingar bæði fyrir neytandann og umhverfi hans...

L.S.D. er næstum alltaf tekið í inntöku og byrjar að verka

innan 20 mínútna. Fyrstu áhrif lyfsins eru skapbreytingar, sljófgun á sjón og afskræming þess, sem augað skynjar. Eftir um það bil 1 klukkustund má ætla, að full áhrif lyfsins hafi komið fram. Neytandinn hefur þá komið í sinn óraunverulega heim, en er vakandi og skynjar umhverfi sitt á óraunverulegan hátt. Allt í umhverfinu breytir stöðugt um stærð, lögun og lit. Sjónhverfingar koma hver á eftir annarri með miklum hraða. Andlit eru afskræmd og undarleg, veggir eru ekki lóðréttir, og stundum virðist neytandanum, að þeir ætli að hvolfast yfir hann. Líkami neytandans virðist vera tröllvaxinn eða örsmár á víxl. Hendur og fætur virðast vera geysistórir og þungir eða svo litlir, að þeir hafa engan þunga og geta í sumum tilvikum virzt losna alveg við líkamann. Neytandanum getur jafnvel fundið, að hann hafi yfirgefið líkamann til fulls og geti séð hann sitja eða standa, þar sem hann er í raun og veru.

Bragðskynjunin breytist, snerting gefur röng áhrif, og líkaminn getur virzt óeðlilega heitur eða kaldur. Stundum skynja skilningarvitin rangt, þannig að neytandinn getur til dæmis séð hljóð, sem kemur úr hátalara. Tíminn getur staðið kyrr, þotið áfram með ógnarhraða, þannig að sekúndur verði þúsundir ára eða jafnvel þokazt aftur á bak.

Allt þetta og margt fleira hefur áhrif á hin beinu áhrif LSD sjálfs á hugarástand neytandans. Hann getur orðið ofsakátur vegna dásamlegrar sýnar eða altekinn óttatilfinningu, þegar sýnin hverfur og hræðilegar skynvillur koma í staðinn. „Ferð“ er ekki nauðsynlega góð eða slæm alla leiðina. Í stað vímunnar getur á nokkrum augnablikum komið hræðsla eða svartsýni. Slíkar breytingar geta leitt til hvatvíslegra framkvæmda, sem gera stöðugt eftirlit nauðsynlegt. Ef það er ekki fyrir hendi, getur LSD neytandinn framið sjálfsmorð, ráðizt á aðra og orðið umhverfi sínu hættulegur, ekki sízt ef hann ekur ökutæki. Jafnvel missýnir geta leitt til skelfingar, til dæmis ef neytandanum finnst hann geta gengið í loftinu og gengur út um glugga á efstu hæð. Í raunverulegum skilningi framkallar LSD því tímabundna geðveiki. Hugsunin er svo trufluð, að einstaklingurinn getur ekki einbeitt sér, þar sem hugur hans reikar frá einni hugsuninni til annarrar. Eins og aðrir geðsjúklingar getur LSD neytandinn haldið, að hann sé hæfur til mikilla andlegra afreka...“

Um „hash“ segir m.a. í álitsgerðinni:

„Hass (marijúana, kannabis) er mjög gamalt lyf, sem var notað sem kvalastillandi lyf þegar um 3000 árum fyrir Krists burð.“

Hin andlegu áhrif þess eru meðal annars vellíðunarkennd, ofsakæti og aukið hugmyndaflug. Skynjun tíma, fjarlægðar, sjónar og heyrnar er afskræmd, en stundum gerir ótti eða ofsahræðsla vart við sig. Í félagsskap er hassneytandinn ræðinn og kátur, en í einveru er hann syfjaður og hljóðlátur. Hæfni hassneytandans til þess að framkvæma ýmis störf, til dæmis bifreiðaakstur, er alvarlega skert. Með tilliti til áhrifa hass á framkomu einstaklinga má einna helst líkja þeim við áhrif miðlungs misnotkunar áfengis. Einstaklingurinn getur orðið andlega háður lyfinu, og fer það eftir mati hvers og eins á áhrifum þess, hversu alvarlega hann verður háður því.

Ekki er talið, að neyzla hass hafi alvarleg eyðileggjandi áhrif á líkamlega heilsu manna, en andleg ánauð gagnvart áhrifum lyfsins getur orðið svo mikil, að hún leiði til alvarlegrar deyðar, vanrækslu og neyzlu lyfsins að staðaldri þannig, að hún útiloki alla jákvæða starfsemi neytandans. Auk þess getur neyzla lyfsins leitt til tímbundinnar og varanlegrar geðveiki eða hvatvíslegra framkvæmda, sem svörum við snöggum ótta, er einstaklingnum og þjóðfélaginu getur stafað hætta af. . . .“

Hefur nú verið rakið það helzta, sem fram er komið í málinu.

Er af því ljóst, að ákærði Jón Sævar hafði með sér til landsins 6. desember 1970 kannabis að rúmmáli á stærð við eldspýtnastokk, 9 töflur (18 skammta) af lýsergíð (LSD), og hylki, sem í voru um 100 mikrógrömm af lýsergíð (LSD), og kom hann efnum þessum inn í landið földum í fatnaði, sem ákærði hafði meðferðis, aðallega farangurstösku, sem hann hafði með sér í land. Ekki verður talið sannað, að ákærði Jón Sævar hafi, er hann keypti fíknilyf þessi þá skömmu áður úti í Svíþjóð og Danmörku, ætlað þau til sölu hér heima. Hins vegar er ljóst, að nokkru eftir heimkomuna fá meðákærðu vitneskju um, að hann hafi fíknilyf undir höndum, hafa samband við hann og falast eftir lyfjum þessum. Gefur ákærði Jón Sævar þeim af „hashinu“ að reykja, en selur þeim nokkra skammta ($\frac{1}{2}$ töflu) af lýsergíð (LSD), og gjalda þeir 500.00 kr. fyrir hvern skammt.

Eftirtalið magn af lýsergíð er upplýst, að ákærði Jón Sævar seldi ákærðu, sem þeir veittu viðtöku og neyttu þá um leið:

4	skammtar (2 töflur)	til Jóns Óla.
2	—	til Arnar Karlssonar.
1	skammtur	til Jóns Benedikts.
1	—	til Heiðars Páls.

Afhendir hann Jóni Óla og Erni Karlssyni sinn hvorn skammtinn á Austurbar 20. desember 1970 og aftur 27. desember s. á. á heimili Jóns Óla, en 3. janúar 1971 afhendir hann Jóni Óla á Austurbar 2 skammta. 10. janúar 1971 afhendir hann á heimili sínu Jóni Benedikt og Heiðari Páli sinn hvorn skammtinn. „Hash“ býður hann meðákærðu til reykinga ókeypis flest þessi skipti og oftár, og veita þeir því viðtöku og reykja það, en í litlum mæli.

Með atferli þessu hefur ákærði Jón Sævar gerzt brotlegur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 4. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Meðákærðu, Heiðar Páll, Jón Benedikt, Jón Óli og Örn, hafa með því að kaupa og veita viðtöku framangreindu magni af lýsergíð (LSD) og ómældu, en litlu magni af kannabis gerzt sekir um brot á 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Refsing ákærðu þykir samkvæmt 6. gr. framangreindra laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Jón Sævar sæti fangelsi í 40 daga, en eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði Jón Sævar almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Heiðar Páll greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 4.000.00, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Benedikt greiði kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli greiði í sekt til ríkissjóðs kr. 8.000.00, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Í fórum ákærða Jóns Sævars fundust áðurgreindir tveir skammtar (ein tafla) af lýsergið, hylki með sama efni og hashköggull. Samkvæmt 5. gr. laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. ber að gera efni þessi upptæk til ríkissjóðs.

Lýsergið töflur þær, sem ákærði Jón Sævar flutti inn í landið, hafði hann fest kaup á í Malmö og Kaupmannahöfn. Keypti hann 6 töflur í Malmö og gaf 25—30 kr. sænskar fyrir hverja töflu. 7 töflur keypti hann í Kaupmannahöfn og gaf 20 kr. danskar fyrir hverja.

6. desember 1970 jafngiltu 100 danskar kr. 1.175.26 íslenskum kr. og 100 sænskar kr. 1.702.90 íslenskum kr. Með því að reikna með, að meðalverð á töflunum keyptum í Malmö hafi verið sænskar kr. 30.00 fæst út, að meðalkaupverð allra taflanna hafi verið nálægt kr. 350.10 hver tafla.

Söluverð þeirra var, eins og fram er komið, kr. 1.000.00 hver tafla. Ákærði Jón Sævar seldi alls 4 töflur fyrir samtals kr. 4.000.00. Kaup- og kostnaðarverð þeirra var kr. 1.400.00, og reynist því hagnaður af sölunni hafa verið kr. 2.600.00. Samkvæmt 5. gr. i. f. laga nr. 77/1970 og 1. mgr. 3. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að gera hagnað þennan upptækan til ríkissjóðs.

Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða Jóns Sævars, hæstaréttarlögmanns Hrafnkells Ásgeirssonar, ákveðast kr. 8.500.00, og dæmist ákærði Jón Sævar til að greiða þau.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls annars sakarkostnaðar, aðallega eftir þessum hlutföllum, ákærði Jón Sævar greiði $\frac{1}{2}$ kostnað, aðrir ákærðu $\frac{1}{2}$, en annars einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Vegna annríkis dómara hefur orðið nokkur dráttur á mála-lyktum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Sævar Gunnarsson sæti fangelsi í 40 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu Heiðar Páll Halldórsson og Jón Benedikt Einarsson greiði hvor um sig krónur 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jón Óli Mikaelsson greiði krónur 8.000.00 í sekt

til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Karlsson greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 9 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptækt skal vera til ríkissjóðs ein tafla lýsergíð (LSD), eitt hylki með sama efni og köggull af kannabis 0.4 cm á þykkt og 4 cm í þvermál svo og ólöglegur söluhagnaður að upphæð kr. 2.600.00.

Ákærði Jón Sævar greiði í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns Hrafnkels Ásgeirssonar, kr. 8.500.00 og helming alls annars sakarkostnaðar, en aðrir meðákærðu hinn helming hans, en ella greiði allir ákærðu sakarkostnað þennan óskipt saman einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. nóvember 1972.

Nr. 45/1972. **Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps**

f. h. hreppsins

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Magnúsi Ó. Jónssyni, Hirti Jónssyni

og Hauki Eggertssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Forkaupsréttur að jörð samkvæmt lögum nr. 40/1948.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. marz 1972. Hann fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 12. september þ. á.